

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2000

frá 2. október 2000

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/1999 frá 5. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 272, 25.10.1996, bls. 36.

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 64b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93) í XIII. viðauka við samninginn:

„64c. **396 L 0067:** Tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins (Stjtið. EB C 272, 25.10.1996, bls. 36).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 6., 9., 11. og 12. gr. lesist „framkvæmdastjórn“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“ að því er EFTA-ríkin varðar,
- b) 2. mgr. 20. gr. gildir ekki.“

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 96/67/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner